



Sumarstörf 2022

Búsetukjarni - Sauðárkrókur

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir eftir sumarstarfsmönnum í búsetukjarna sem er til húsa í Kleifatúni, Freyjugötu 18 og Fellstúni 19b. Starfstími er frá maí til ágústloka eða eftir samkomulagi. Unnið er í vaktavinnu. Sveigjanleiki er í boði varðandi starfshlutfall og starfstíma.

Starfssvið:

Í störfunum felst að aðstoða fatlaða einstaklinga við athafnir daglegs lífs, s.s. við umönnun og afþreyingu ásamt öðrum verkefnum. Unnið er eftir hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og valdeflingu.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur, t.d. félagsliðamenntun.
- Bílpróf er skilyrði.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki er kostur.
- Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri.
- Gagnkvæm virðing og umhyggja.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og háttvísi.
- Stundvísi.
- Hreint sakavottorð skv. lögum um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2022

Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Ragnheiður M. Rögnvaldsdóttir, forstöðumaður, í síma 844 6532; ragnheidurr@skagafjordur.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Um er að ræða starfsheitin: starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk II.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir launadeild sveitarfélagsins: launadeild@skagafjordur.is.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf). Með umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.